

Mál nr. 61/2015
M og
vátryggingafélagið V v/ slysafyrirgjafið X.

Sönnun líkamstjóns um borð í skipi í ágúst 2012.

Gögn.

1. Málskot móttækið 17. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 5. mars 2015 ásamt fyrri bréfi V dags. 23. janúar 2015.
3. Bréf lögmanns M dags. 11. mars 2015.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjónsdagur sé 13. ágúst 2012 en jafnframt að M hafi orðið fyrir slysi 12. desember sama ár. Í greinargerð M sjálfs sem er ódagsett kemur fram að atvik hafi orðið um miðjan ágúst og er það lagt til grundvallar í umfjöllun nefndarinnar. M sjálfur lýsir atvikum þannig að hann hafi verið við störf um borð í Aðalsteini Jónssyni SU 11 og fallið í stiga á leið niður í vinnslusal. M kveðst hafa tekið mikið af verkjalyfjum til að komast í gegnum túrinn en síðar um haustið leitað til læknis vegna einkenna, m.a. í öxl, sem hann rekur til umrædds atviks. Umrætt atvik var ekki skráð í skipsdagbók skipsins. Í málinu liggja fyrir lögregluskýrslur vegna framburða samstarfsmanna M. Í framburðum þeirra kemur fram að enginn hafi séð M detta eða vitað af umræddu atviki fyrir utan að einn skipverji mundi eftir að M hafi kvartað undan eymslum í umræddum túr og mögulega hefði hann dottið.

M telur fullsannað með framburði M að hann hafi dottið í stiga um borð í skipi X og þannig hlotið líkamstjón. Einnig vísar M til þess að á útgerðinni X hafi hvílt tilkynningarskylda um umrætt atvik, sem hún hafi ekki sinnt, og verði hún að bera hallann af sönnunarskorti atvikið þess vegna.

V telur ósannað af þeim gögnum sem liggja fyrir að M hafi hlotið líkamstjón með þeim hætti sem hann lýsir, hann hafi ekki tilkynnt um atvikið til skipstjóra og enginn skipverji geti staðfest að umrætt atvik hafi átt sér stað. Einnig vísar V til þess að einkenni þau sem M leitaði til læknis með í lok ágúst 2012 hafi ekki verið sértæk fyrir slysaáverka auk þess sem M hafi átt langa sögu um stoðkerfisáverka fyrir það atvik sem hann lýsir að hafi átt sér stað í ágúst 2012.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni um borð í skipi X um miðjan ágúst 2012 og leitaði hann til læknis vegna einkenna sem hann rekur til þessa í lok ágúst sama ár. M tilkynnti ekki um atvikið til skipstjóra eða tryggði sér með öðrum hætti sönnun á því að hann hafi dottið með þeim hætti sem hann lýsir. Enginn skipverji sem með honum voru í túrnum geta staðfest að atvik hafi verið með þeim hætti sem M lýsir. Á M hvílir sönnunarbyrði um að einkenni þau sem hann leitaði til læknis vegna í lok ágúst 2012 sé ótvírætt hægt að rekja til þess atviks sem hann lýsir. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að hann hafi mætt þeirri sönnunarbyrði og verður því ekki viðurkennd greiðsluskylda úr slysafyrirggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysafyrirggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 17. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.